



Atvinnuveganefnd
Alþingis

Reykjavík 8. maí 2012

Athugasemdir við Rammaáætlun varðandi Reykjaneskaga og Reykjanesfólkvang

Náttúruvaktin gerir alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðin í Reykjanesfólkvangi séu sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun. Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, eins og smækkuð mynd af Lakagígum. Loks er ljóst að áform um jarðvarmavirkjun í Stóru-Sandvík mun skaða það áhugaverða umhverfi verulega og koma í veg fyrir atvinnuþróun af öðrum toga.

Nú þegar eru 4 jarðvarmavirkjanir á Reykjaneskaga og vandamál sem tengjast orkuvinnslu jarðhita eru enn óleyst.

Endurnýjanlegar auðlindir og sjálfbærni

Því miður er áætluð orkunýting jarðvarmavirkjana aðeins um 12%. 12-14% nýting er ekki ásættanleg nýting á takmarkaðri náttúruauðlind og verður seint talin sjálfbær. Því telur Náttúruvaktin að á næstu árum beri að fyrst og fremst að helga rannsóknum á forðafræði þ.e. hver endurnýjunarhraði auðlindarinnar sé. Þróa aðferðir sem nýta orkuna betur á grundvelli jarðvarmavirkjana, líkt og Nesjavalla, fremur en jarðgufuvirkjana sem einvörðungu nýta gufu til raforkuframleiðslu. Þá er ljóst að mikilla rannsókna og aðferðaþróunar er þörf til að niðurdælingar skili tilætluðum tilgangi. Loks er ekki ásættanlegt að jarðgufuvirkjanir skuli skila allt að 0,3 - 0,5 tonnum /ár af gróðurhúsagastegundum fyrir hvert framleitt megawatt, hvað þá heldur allt það eittraða brennisteinsvetni sem dælt er út í andrúmsloftið. Náttúruvaktin telur að áður en lengra er haldið þurfi að þróa aðferðir til að binda þetta gríðarlega magn gróðurhúsagastegunda sem streymir frá jarðgufuvirkjunum. Fyrst þegar lausnir á orkunýtingu, niðurdælingu og gasbindingu er hægt að tala um sjálfbæra, umhverfisvæna auðlind.

Möguleikar í fræðslu og ferðaþjónustu

Reykjanesfólkvangur er eitt af vinsælli útivistarsvæða Íslands. Svæðið býður upp á einstaka útivistar- og fræðslumöguleika jafnt sumar sem vetur. Hverasvæðin í Sveifluhálsi; Baðstofa, Pínir, Seltún ofl eru einstök í aðgengi en 2/3 íslendinga búa í minna en 30 km fjarlægð frá svæðinu og örstutt er á alþjóðaflugavöll sem meira en milljón ferðegar fara um árlega. Líkur benda til að hátt í 200.000 manns heimsæki Reykjanesfólkvang árlega. Sérlega alvarleg eru áform um að virkja í Sveifluhálsi en um 130.000 ferðamenn heimsóttu jarðhitasvæðið í Seltúni, Krýsuvík síðasta sumar sem er aðgengilegasta háhitasvæði landsins og Kleifarvatn er einstakt á heimsmælikvarða. Á síðustu árum hefur þeim sem stunda göngu, útivist og náttúruskoðun sér til heilsuþótar fjölgað gríðarlega. Það verður seint talið til fjár en jákvæð áhrif aðgengi að óspilltri og kyrrlátri náttúru spara heilbrigðiskerfinu efalaust milljaðar árlega en nýlegar rannsóknir hafa



ótvírætt sýnt fram á að aðgengi að óspilltri náttúru er fyrirbyggjandi. Það er ekki að ástæðulausu að ferðaþjónustuaðilar nýta sér svæðið í vaxandi mæli. Það eru ekki mörg svæði á Íslandi sem bjóða jafnmikla fjölbreytni á jafnlitlu svæði. Útsýnið yfir Kleifarvatn er stórbrotið en ekki þegar sá sem horfir neyðist til að halda fyrir eyrum í ærandi borholublæstri og stálmastraskógi. Náttúruvaktin telur að verðmæti svæðisins á grundvelli almannahagsmuna á grundvelli fræðslu, upplifunar og útivistar sé ómetanlegt.

Niðurstaða

Náttúruvaktin telur að Jarðvarmavirkjanir á Reykjanesskaga, sérstaklega við Sveifluháls muni valda umtalsverðum, óafturkræfum umhverfisáhrifum. Áhrif virkjunarinnar á útivistar- og upplifunargildi eru veruleg og vanmetin í Rammaáætlun. Óvissa um áhrif framkvæmda á jarðhitauppsprettur og hið sérstæða og jafnvel einstaka lífríki hveranna er meiri en svo að hægt sé að fallast á framkvæmdina á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga. Náttúruvaktin telur því hafna beri jarðvarmavirkjunum í Reykjanesfólkvangi og sama gildi um Eldvörp og Stóru-Sandvík. Aðrar fyrirhugaðar virkjanir á Reykjanesskaga beri að setja í biðflokk uns þekkingu okkar á sjálfbærni auðlindarinnar, loftmengun og förgun eða niðurdælingu affallsvatns er miklu mun betri.

Fyrir hönd Náttúruvaktarinnar
Einar Þorleifsson